



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á NORÐURLANDI VESTRA

**27. ársþing SSNV,
haldið í Menningarhúsinu Miðgarði,
5. apríl 2019**

FUNDARGERÐ



**Ingibergur Guðmundsson
Davíð Jóhannsson**



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Dagskrá.....	3
Þingsetning, kjör þingforseta og þingritara	4
Nefndir þingsins og fundarboðendur þeirra	4
Skýrsla stjórnar SSNV og ársreikningur	4
Skýrsla stjórnar SSNV fyrir árið 2018	4
Ársreikningur 2018	4
Fyrirspurnir og umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning.	4
Fulltrúatal	5
Ávörp gesta	5
Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga	5
Haraldur Benediktsson, 1. þingmaður Norðvesturkjördæmis	5
Tillögur og ályktanir lagðar fram	6
Afgreiðsla nefndarálita og ársreiknings	6
Fjárhagsnefnd	6
Allsherjarnefnd.....	7
Stjórnskipulagsnefnd.....	8
Almennar umræður	8



Dagskrá

13:00 Þingsetning: *Þorleifur Karl Eggertsson, formaður stjórnar SSNV* (Þ4)

Kosning þingforseta, varaforseta, tveggja ritara, tveggja vararitara (Þ4)

Kynning á nefndum þingsins – formenn þingnefnda:

Kjörnefnd (S4.3/Þ6) skipuð af stjórn, Allsherjarnefnd (Þ7), Fjárhagsnefnd (Þ7) og Stjórnskipulagsnefnd (Þ7)

13:10 Skýrsla stjórnar SSNV fyrir árið 2018:

Þorleifur Karl Eggertsson, formaður stjórnar SSNV

13:30 Ársreikningur 2018: (S5.2)

Kristján Jónasson endurskoðandi

Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

14:00 Ávörp gesta

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga
Haraldur Benediktsson, 1. þingmaður Norðvesturkjördæmis

14:30 Kaffihlé

15:00 Fulltrúatal - Tillögur lagðar fram – Nefndastörf

Fjárhagsnefnd

- Ársreikningur 2018

- Tillögur um laun og þóknun til stjórnar og nefnda 2019

Stjórnskipulagsnefnd

- Lagabreytingar

Allsherjarnefnd

- Samgöngu- og innviðaáætlun Norðurlands vestra

16:00 Afgreiðsla ársreiknings og annarra tillagna nefnda

16:30 Almennar umræður

17:00 Þinglok

Áskilinn er réttur til breytinga á dagskrá (Þ3)



Pingsetning, kjör þingforseta og þingritara

Þorleifur Karl Eggertsson, formaður stjórnar SSNV, setti þingið og bauð þingfulltrúa og aðra gesti velkomna. Tilnefndi hann Sigfús Inga Sigfússon sem 1. þingforseta og Ingibjörgu Huld Þórðardóttur sem 2. þingforseta. Þá lagði hann til að þingritarar væru Davíð Jóhannsson og Ingibergur Guðmundsson og varaþingritarar Sólveig Olga Sigurðardóttir og Sveinbjörg Rut Pétursdóttir, starfsmenn SSNV.

Tillagan var samþykkt og tók þingforseti við stjórn þingsins.

Nefndir þingsins og fundarboðendur þeirra

Þingforseti kynnti nefndir þingsins og lagði til að eftirfarandi aðilar kölluðu nefndirnar saman:

Fjárhagsnefnd: Ragnildur Haraldsdóttir, Húnavatnshreppi, kallar nefndina saman.

Allsherjarnefnd: Gísli Sigurðsson, Sveitarfélaginu Skagafirði, kallar nefndina saman.

Stjórnskipulagsnefnd: Ingveldur Ása Konráðsdóttir, Húnaþingi vestra, kallar nefndina saman

Tillagan var samþykkt.

Þá kynnti þingforseti skipan kjörnefndar sem skipuð er af stjórn eigi síðar en 1. mars ár hvert.

Kjörnefnd:

Regína Valdimarsdóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði, formaður

Álfhildur Leifsdóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði

Guðmundur Haukur Jakobsson, Blönduósbæ

Halldór G. Ólafsson, Sveitarfélaginu Skagaströnd

Þorleifur Karl Eggertsson, Húnaþingi vestra

Að lokum bauð þingforseti gesti ársþingsins; Aldísi Hafsteinsdóttur og Harald Benediktsson velkomin

Skýrsla stjórnar SSNV og ársreikningur

Skýrsla stjórnar SSNV fyrir árið 2018

Þorleifur Karl Eggertsson, formaður stjórnar SSNV, flutti skýrslu stjórnar fyrir árið 2018.

Ársreikningur 2018

Kristján Jónasson, endurskoðandi, fór yfir ársreikning SSNV fyrir árið 2018:

Ársreikningur SSNV: Rekstrartekjur voru 235.757.504 kr., rekstrargjöld tæpar 239.295.189 kr.

og fjármunatekjur 2.923.680 kr., áhrif hlutdeildarfélagsins NVB voru – 2.840.107 kr. Tap

varð því á rekstri að upphæð 3.454.112 kr. Eigið fé í árslok nam rúmum 82 m.kr.

Ársreikningurinn er aðgengilegur í ársskýrslu á heimasíðu SSNV.

Fyrirspurnir og umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning.

Enginn tók til máls og vísaði þingforseti ársreikningi 2018 til fjárhagsnefndar.



Fulltrúatal

Regína Valdimarsdóttir, formaður kjörnefndar, fór yfir fulltrúatal þingsins. Rétt til fundarsetu með atkvæðisrétti eiga 28 fulltrúar og af þeim eru 26 mættir. Mættir fulltrúar eru:

Nafn	Sveitarfélag	Aðal/vara
Hrefna Jóhannesdóttir	Akrahreppur	aðal
Sigurgeir Þór Jónasson	Blönduós	vara
Anna Margrét Sigurðardóttir	Blönduós	aðal
Rannveig Lena Gísladóttir	Blönduós	aðal
Jón Örn Stefánsson	Blönduós	vara
Jón Gíslason	Húnavatnshreppur	aðal
Ragnhildur Haraldsdóttir	Húnavatnshreppur	aðal
Þorleifur Karl Eggertsson	Húnaþing vestra	aðal
Ingveldur Ása Konráðsdóttir	Húnaþing vestra	aðal
Magnús Magnússon	Húnaþing vestra	aðal
Sigríður Ólafsdóttir	Húnaþing vestra	aðal
Dagný Rósa Úlfarsdóttir	Skagabyggð	aðal
Magnús Björnsson	Skagabyggð	aðal
Stefán Vagn Stefánsson	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Ingibjörg Huld Þórðardóttir	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Sigríður Magnúsdóttir	Sv.fél. Skagafjörður	vara
Gísli Sigurðsson	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Regína Valdimarsdóttir	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Gunnsteinn Björnsson	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Sveinn Þ. Finster Úlfarsson	Sv.fél. Skagafjörður	vara
Jóhanna Ey Harðardóttir	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Bjarni Jónsson	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Halldór G. Ólafsson	Sv.fél. Skagaströnd	aðal
Péturína Laufey Jakobsdóttir	Sv.fél. Skagaströnd	aðal
Guðmundur Egill Erlendsson	Sv.fél. Skagaströnd	aðal

Ávörp gesta

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga

Aldís Hafsteinsdóttir ræddi samskipti við ríkisvaldið varðandi Jöfnunarsjóð, Byggðaáætlun 2018-2024, kjaramál, óvissu í landsfjármálum, afkomu og fjárhagsstöðu sveitarfélaga, Sambandið og Heimsmarkmið SP, vindorku og miðhálendisþjóðgarð. Aldís studdist við glærur í ávarpi sínu og eru þær aðgengilegar á heimasíðu SSNV.

Haraldur Benediktsson, 1. þingmaður Norðvesturkjördæmis

Haraldur Benediktsson ræddi fjárlagagerð, fjármálaáætlun, hægan framgang samgöngu-framkvæmda á Norðurlandi vestra, skuldastöðu ríkisins, jöfnunarsjóðsmál, fjárfestingu á



samdráttartímum í innviðum til vaxtar, rekstrarform og fjármögnun hjúkrunarheimila á landsbyggðinni, fiskeldisfrumvarp, raforkumál, Ísland ljóstengt o.fl.

Til máls tóku: Halldór G. Ólafsson, Einar K. Jónsson, Magnús Magnússon og Stefán Vagn Stefánsson.

Tillögur og ályktanir lagðar fram

Fyrir þinginu lágu eftirfarandi tillögur sem sendar höfðu verið send út með fundarboði og vísaði þingforseti þeim til viðkomandi nefnda:

1. *Tillaga um greiðslur til úthlutunarnefndar og fagráða*
2. *Tillaga að þóknunum til stjórnar og nefnda*
3. *Tillaga að Samgöngu- og innviðaáætlun Norðurlands vestra og afgreiðslu hennar Einar Kristján Jónsson fylgdi tillögunni úr hlaði.*
4. *Tillaga að breytingum á samþykktum og þingsköpum SSNV Halldór Gunnar Ólafsson fylgdi tillögunni úr hlaði.*

Ekki bárust aðrar tillögur og hófust því nefndastörf.

Að loknum nefndarfundum hófust fundarstörf aftur.

Afgreiðsla nefndarálita og ársreiknings

Fjárhagsnefnd

Ragnhildur Haraldsdóttir gerði grein fyrir tillögum fjárhagsnefndar.

27. ársþing SSNV, haldið í Menningarhúsinu Miðgarði 5. apríl 2019, samþykkir ársreikning SSNV fyrir árið 2018.

27. ársþing SSNV, haldið í Menningarhúsinu Miðgarði 5. apríl 2019, samþykkir að laun og þóknun til stjórnar og nefnda verði óbreytt frá fyrra ári:

- a) Laun formanns verði 6% af þingfararkaupi, nú 66.072 kr. á mánuði*
- b) Laun annarra stjórnarmanna verði 3% af þingfararkaupi, nú 33.036 kr. á mánuði*
- c) Laun fyrir stjórnarfundum og aðra fundum stjórnar og nefnda verði 2,5% af þingfararkaupi, nú 27.530 kr.*
- d) Laun formanna nefnda verði 3% af þingfararkaupi fyrir hvern fund í viðkomandi nefnd, nú 33.036 kr.*
- e) Hálf tæði verði greitt fyrir hvern fund stjórnar, samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins, nú 5.900 kr.*
- f) Akstur verði greiddur samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins um akstursgjald.*
- g) Annar ferðakostnaður vegna ferða á vegum SSNV verði greiddur samkvæmt reikningi.*



Greinargerð:

Þingfararkaup er, frá 29. október 2016, 1.101.194 kr.

Núverandi launatafla

Mánaðarlaun formaður	66.072
Mánaðarlaun stjórnarmanna	33.036
Stjórn gr. pr. fund	27.530
Formenn nefnda gr. pr. fund	33.036
Nefndarmenn gr. pr. fund	27.530
Hálft fæði	5.600

Að auki er greiddur ferðakostnaður samkvæmt reikningi.

27. ársþing SSNV, haldið í Menningarhúsinu Miðgarði 5. apríl 2019, samþykkir eftirfarandi tillögu um greiðslur til fulltrúa í úthlutunarnefnd og fagráðum Uppbyggingarsjóðs vegna yfirferðar umsókna:

- 1. Fagráð – yfirferð umsókna*
 - a) 1-20 umsóknir - greitt sem ein fundarseta*
 - b) 21-70 umsóknir - greitt sem tvær fundarsetur*
 - c) 71-100 umsóknir - greitt sem þrjár fundarsetur*
- 2. Svar við beiðni um rökstuðning vegna höfnunar á styrkbeiðni*
 - a) 1-5 beiðnir - greitt sem ein fundarseta*
 - b) 6-10 beiðnir - greitt sem tvær fundarsetur*
- 3. Önnur bréf vegna starfa á vegum Uppbyggingarsjóðs*
 - 1-5 bréf - greitt sem ein fundarseta*
 - 6-10 bréf - greitt sem tvær fundarsetur*

Ekki er sérstaklega greitt til formanna úthlutunarnefndar og fagráða vegna undirbúnings funda þar sem þeir fá hærri greiðslur fyrir fundarsetu en aðrir nefndarmenn.

Gildir frá 5. apríl 2019.

Tillögurnar voru samþykktar samhljóða.

Allsherjarnefnd

Gísli Sigurðsson gerði grein fyrir tillögu allsherjarnefndar.

27. ársþing SSNV, haldið í Menningarhúsinu Miðgarði 5. apríl 2019, samþykkir framlagða samgöngu- og innviðaáætlun Norðurlands vestra og vísar henni til umfjöllunar og athugasemda sveitastjórna á starfssvæðinu. Athugasemdir frá sveitarstjórnnum skulu hafa borist stjórn SSNV fyrir 1. maí 2019.

Greinargerð:

Samgöngunefnd SSNV var kjörin á 2. haustþingi samtakanna sem haldið var 19. október 2018 á Blönduósi. Hvert sveitarfélag á starfssvæði samtakanna skipaði einn fulltrúa í nefndina.



Stjórn SSNV skipaði Einar Kristján Jónsson formann. Nefndin fundaði 4 sinnum og vann í samvinnu við starfsmenn samtakanna þá áætlun sem lögð er fram á 27. ársþingi SSNV. Til að tryggja að sem flestir hafi aðkomu að gerð áætlunarinnar er lagt til að sveitarstjórnir á starfssvæði SSNV fjalli um hana og skili inn athugasemdir í síðasta lagi 1. maí 2019. Stjórn SSNV mun á fundi sínum í maí fjalla um athugasemdir sem berast og í framhaldi birta áætlunina á heimasíðu samtakanna sem og senda hana til þeirra aðila sem málið varðar.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Stjórnskipulagsnefnd

Ingveldur Ása Konráðsdóttir gerði grein fyrir tillögu Stjórnskipulagsnefndar.

27. ársþing SSNV, haldið þann 5. apríl í Menningarhúsinu Miðgarði í Skagafirði, samþykkir Samþykktir og þingsköp SSNV með áorðnum breytingum.

Sjá fylgiskjal 1

Til máls tóku: Guðmundur Egill Erlendsson, Magnús Magnússon, Stefán Vagn Stefánsson, Hrefna Jóhannesdóttir og Halldór G. Ólafsson

Lögð var fram breytingartillaga við grein 4.1., 2. mgr. um að setningin „Sá sem kjörinn hefur verið aðalmaður í stjórn þrjú kjörtímabil í röð, þ.e. sex ár, er ekki kjörgengur til stjórnar næstu tvö ár“ falli út.

Breytingartillagan var borin sérstaklega upp til atkvæða. Tillagan var felld með 11 atkvæðum gegn 7.

Tillaga stjórnskipulagsnefndar var síðan samþykkt samhljóða.

Almennar umræður

Til máls tóku: Enginn tók til máls

Sigfús Ingi Sigfússon, þingforseti, þakkaði fyrir gott þing. Því næst gaf hann formanni SSNV orðið.

Þorleifur Karl Eggertsson, formaður SSNV, þakkaði þingfulltrúum fyrir góð störf, óskaði þeim góðrar heimferðar og sagði þinginu slitið.

Þinggjörðina rituðu
Ingibergur Guðmundsson og Davíð Jóhannsson,
starfsmenn SSNV.